

Reykjavík, 20. febrúar 2002

Til heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis

Landssambandi eldri borgara hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á nokkrum lagabálkum, 359. mál þessa þings.

Um málið mætti skrifa langa greinargerð en hér skal aðeins dregið á nokkur atriði.

Eins og segir í almennum athugasemdum með frumvarpi þessu þá er það fyrst og fremst samið og flutt til þess að bregðast við ábendingum umboðsmanns Alþingis um nauðsynlegar breytingar og skilgreiningar í lögnum. Einnig er með frumvarpinu verið að bregðast við nokkrum af ábendingum og gagnrýni, sem fram kom í úttektarskýrslu ríkisendurskoðunar frá sept. 1999.

Í þeirri skýrslu var í mjög mörgum liðum bent á nauðsynlegar lagfæringar á lögnum sem þyrftu að komast til framkvæmda hið fyrsta.

Einnig eru í frumvarpinu nokkur atriði sem skipta hinn tryggða verulegu máli, svo sem ákvæðin um lengingu dvalartíma á stofnun án þess að tryggingagreiðslur falli niður og breytt form á greiðslum vegna stofnanavistunar.

Hinsvegar söknum við þess að ekki skuli vera brugðist við ýmsum öðrum athugasemdum ríkisendurskoðunar, eins og t.d. síðustu setningar á bls. 9 í skýrslunni.

Umfjöllunin um endurhæfingarmálin á bls. 16, sem nú eru m.a. í mikilli upplausn vegna deilna Tryggingastofnunar og samtaka sjúkrahjálfa, sem líklegt er að leitt geti til hruns þessarar starfsemi utan stofnana.

Það er fjölmargt í skýrslu ríkisendurskoðunar sem ástæða væri til að benda á en of mikil vinna fyrir okkur að fara að skrifa greinargerð um það allt, við hvetjum hinsvegar þingnefndina til að kynna sér mjög vel þessa skýrslu. Við væntum þess líka að eftir að þingnefndin hefur gert það, sjái hún nauðsynina á allsherjar úttekt og endurskoðun á þessum lagabálkum og málefnum þeim tengdum.

Að lokum með vitnan í skýrslu ríkisendurskoðunar skal bent hér á síðustu setningu á bls. 43.

Landssamband eldri borgara hefur í viðræðum sínum við stjórnvöld ítrekað bent á að óhæfa sé hvernig grunnlífeyrir og tekjutrygging hefur á undanförunum árum skerast sem hlutfall af dagvinnulaunum verkafólks.

Því hefur af stjórnvöldum gjarnan verið svarað á þann hátt að hið almenna lífeyrissjóðakerfi væri þegar búið að yfirtaka og leysa framfærslukostnaðarþörf eldri borgara að svo miklu leyti að þessvegna mætti draga svo saman í almannatryggingum.

Það má með nokkrum rökum halda því fram að þessi kenning standist gagnvart opinberum starfsmönnum. En lítið samt á töfluna um skerðingar og skattlagningar sem fylgir með bréfi þessu og sjáið hvað það er hátt hlutfall sem menn halda eftir af greiðslum frá sínum lífeyrissjóði. Sjáið einnig á töflunni frá Reiknistofu lífeyrissjóðanna á hinum almenna vinnumarkaði hve meðaltalsgreiðslan á mánuði er ennþá lág og hitt að það eru nær 80% bótaþega sem hafa innan við 14 þúsund kr. á mánuði frá sínum lífeyrissjóði.

Lífeyrissjóðirnir á hinum almenna vinnumarkaði hafa einungis starfað í 12 ár með fullri iðgjaldagreiðslu svo að það er ekki fyrr en eftir 20 til 30 ár sem þeir fara að skila öllum sjóðfélögum fullum lífeyrisgreiðslum.

Við látum fylgja með bréfi þessu nokkrar töflur, m.a. töflur úr síðast útkomnum staðtölum almannatrygginga, sem sýna vel þessa skerðingu og línurit sem sýna að kaupmáttur lífeyrisgreiðslna hefur nánast staðið í stað frá 1987 á sama tíma og kaupmáttur lágmarkslauna hefur hækkað um nálægt 40%.

Taflan á bls. 125 í skýrslu ríkisendurskoðunar sýnir líka ótvírætt að tryggingagreiðslur hafa lækkað verulega þegar tekið er tillit til fjölgunar bótaþega.

Stjórn LEB getur mælt með því að þær lagfæringa breytingatillögur sem kynntar eru sem 359. mál um breytingar á lögum nr. 117 '93, 118 '93, 125 '99, 97 '90 og nr. 19 '97, með síðari breytingum verði samþykktar.

Sumar þeirra, svo sem um að lögbinda ýmsar greiðsluskyldur fyrir þjónustu, eru að vísu ekki í okkar anda og mótmælum við þeim.

Einnig er rétt að benda á að allar tölur í frv. eru miðaðar við júlí 2001 og þurfa því a.m.k. að uppfærast til gildistöku dags. tillagnanna.

Stjórnin áréttar að mikil þörf er á rækilegri endurskoðun laganna um almannatryggingar, endurskoðun sem m.a. taki mið af ábendingum fræðimanna, svo sem Stefáns Ólafssonar prófessors, sem hann setur fram í bók sinni eða rannsóknarskýrslu er hann kallar "Íslenska leiðin" og út kom árið 1999.

Einnig þarf slík endurskoðun laganna að leiða til þess að þær skerðingar sem orðið hafa á tryggingagreiðslum einkum á síðustu 10 árum sjá meðfylgjandi töflu, í hlutfalli við launaþróun, verði leiðréttar.

Virðingarfyllt

f.h. stjórnar Landssambands eldri borgara



Benedikt Davíðsson